

# Lifgeisman og stjörnusamband.

—o—

## I.

Fyrir 8—9 árum kom út bók efir próf. dr. Ág. H. Bjarnason, sem heitir *Himingeimurinn*. Þar stendur á bls. 101—2, þetta: „Lifgeisman er með öllu óþeckt enn hér á jörðu, hvað þá milli hnatta; og „hugsanaflutningur“, jafnvel um stuttar leiðir, innjög mikilvafamál; þá má nærri geta, að það er nokkuð djarft að tala um hugsanaflutning eða hugskeyti milli hnatta. Það er annar barnaskapurinn, önnur heimskan frá.“

Enginn væsi getur á því leik-ið, að orðum þessum er stefnt að Nýal, og hefi eg það álit á hinum margfróða heimspeking, próf. Á. H. B., að það muni a. m. k. ekki langt liða, áður hann óskar þess að hann hefði þau orð aldrei ritað. Á þessum síðustu 8—9 ártum hefir svo margt komið fram í rannsókn og rili, sem miðar til að sýna, að hinn lifandi likami er hlaðinn eða magnaður af orku nokkurri og sendir frá sér ýmiskonar geisla, að enginn hugsandi maður getur framar hjá því komist, að fara að líta rétt á þetta mikilvæga mál. Frá þesskonar rannsókn-

Vári Fápi 1935

um er mjög fróðlega sagt í bók eða bæklingi eftir dr. Sydney Alrutz, sem heitir *Neue Strahlungen des menschlichen Organismus*: Nýjar geismanir frá mannslikamanum. Dr. Alrutz, sem láttinn er fyrir nokkrum árum, var kennari við háskólanum í Uppsöldum, skarpvitur maður og vandvirkur rannsóknari. Þá má nefna hinar fögru rannsóknir dr. Deutmanns, en hann er hollenskur læknir. Hefi eg minst á rannsóknir þessar i ritgerð minni *Über Wesen, Ursprung und Zukunft des Lebens*. (Um eðli, uppruna og framtíð lífsins), sem prentuð er í *Zeitschr. f. Parapsychologie*, 1933, S. 174—79. Þótti mér af ástæðum, sem auðskildar eru hverjum þeim sem lesið hefir ritgerðir minar, einkar vænt um að sjá að dr. Deutmann notar orðið vitale Ladung, lif-hleðsla eða lifmagnan. Nýjasta ritið sem eg veit af um þessi efni, er eftir franskan verkfræðing, Voillaume að nafni, og heitir *Essai sur les Rayonnements de l'Homme et des Etres animés* (1931): Um geismanir

hálfna og umhverfum lifandi veru virðist bók þessi, ef marka má það sem eg hefi séð um hana rituð, vera fróðleg mjög. Hvað hugsanaflutning snertir er nú svo komið, að óhætt virðist að fullyrða, að óvíssindalegt sé með öllu, að efast um að hann eigi sér stað. Hefi eg sjálfur i þeim efnum mikla reynslu sem er eins óyggjandi og hún, yfirleitt hefir verið óskemtileg. Hefir mér þannig, og að visu mjög án þess að eg hefði þess óskað, veist óvænt innsýn í óvenjulega rangsnúið hugarfar. Og annars veit hver maður sem tekið hefir þátt í nokkrum miðlifundum, eða getur vitað, að miðillinn svarar spurningum sem aðeins eru hugsaðar.

## II.

Hver maður, sem af nokkurri alúð vill hugleíða framsækni sambandsviðleitni lífsins, eftir og slíkt hefir lýst sér hér jörðu, mun geta skilið hvern óliklegt það er, að jafnvel fjarlægðirnar í himingeimnum geti verið þeirri sambandsviðleitni, ósigrandi hindrun. Oft hljóta þar að koma til greim geislarnir, sem láta ljóshraðam langt að baki. Um 22 ára bil hef

eg verið að reyna að rannsaka ýmislegt er að þessu lýtur, og er árangurinn sá, að eg get ekki verið í neinum vafa um það, að lifgeislan á sér stað himinhnattanna á milli. Kemur slík geislan til greina í svefni og draumum, og eins i endurbyggingu eða endursköpun líkama þeirra sem fram eru liðnir, einsog svo merkilega er að orði komist. Hver hlutur, lifandi og liflaus, stafar frá sér geisluum, sem miða til að endurframleiða hlutinn eða endurskapa. Erfjættar þar sem vísindi eru lengra komin en hér á jörðu, notað að mjög merkilegan hátt. Menngeta safnað geisluum frá fjarlægri stjörnu og látið þá framleiða likan eða mynd af stjörnumni allri eða landi þar, þegar um jarðstjörnu er að ræða; landshluta, borg, götu, húsi, herbergi, lifandi verum sem þar eru. Verður árangurinn af sliku, mjög miklu fullkomnari stjörnufræði en til er ennþá hér á jörðu. Mun eg í annari grein segja frá skemtilegu dæmi þeirrar fræðslu sem á slikt byggist.

3. apríl.

Helgi Pjeturss.